



Minnisblöð frá febrúar 1949

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360

Utanríkismál. Minnisblöð og minnispunktar Bjarna Benediktssonar 1947-1960:

Bréfa- og málafn 1948

Askja 2-10, Örk 5

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Þriðjudaginn 8. febrúar 1949 átti Mr.

Butrick, sendiherra Bandaríkjanna, samtalið mig á skrifstofu minni samkv. beiðni sinni.

Er hann hafði lokið erindinu barst talið að Atlantshafssáttmálanum. Ég sagði Mr. Butrick að það málgæti ekki orðið ^{erfitt} fyrir íslensku ríkisstjórnina þegar á daginn kæmi, að þau atriði varðandi herstöðvar og hersetu hér á landi, sem andstæðingar málsins hefðu fært fram á móti því, væri gjörsamlega tilhæfulaus. Ég sagði, að svo kynni að virðast rökrétt séð, en hætt væri við að andúð sú, sem reynt hefði verið að vekja gegn málinu, kynni að verða því skaðsamleg og nú væri í agitationinni lagt mest upp úr hlutleysi, en ekki því, sem áður hefði verið fram fært.

Í þessu sambandi sagði ég við Mr. Butrick, að mikilvægt væri að íslensku stjórninni væri ekki boðin þátttaka án þess að málið hefði verið frekar rætt við hana en enn hefði verið gert. Fælist þó ekki í þessu að ~~það~~ íslenska stjórnin mundi undir nokkrum kringumstæðum taka þátt í slíkum samningi - það yrði að athugast sjálfstætt á sínum tíma.

Mr. Butrick lofaði að koma því til stjórnar sinnar að frekara samráð yrði haft við okkur um hvenær okkur yrði boðin þátttaka. Hann sagðist sjálfur hafa sagt stjórn sinni að eftir því sem hér hefði komið fram í blaðaskrifum og opinberum ræðum, mætti ætli að íslensk stjórnvöld tækju mála-
leitun um þátttöku líklega.



Laugardaginn 5. febrúar 1949 kom hr. Anderssen-Rysst, sendiherrri Norðmanna, á skrifstofu forsætisráðherra, samkv. beiðni sinni, og átti þar tal við forsætisráðherra og mig.

Erindi hans var að skýra okkur frá, samkv. fyrirmælum stjórnar sinnar, að Lange utanríkisráðherra Noregs væri í þann veginn að fara til Washington til að ræða þar við stjórnina um ýmis atriði í sambandi við hugsanlega þátttöku í Norður-Atlantshafsbandalagi og ennfremur um það, hvort hugsanlegur væri ~~vinnigur~~ ^{stundungr} Bandaríkjanna við varnarbandalag Skandinavísku landanna.

Við ræddum nokkuð málið við sendiherrann og tjáðum honum að ef hr. Lange ætti í þessari ferð leið um Ísland á annari hvorri leiðinni, þá mundum við hafa áhuga fyrir að hitta hann að máli; værum reiðubúnir að fara til Reflavíkur til að tala þar við hann.

Hr. Anderssen-Rysst tók þessu vel en nokkrum dögum síðar átti hann tal við mig og átti að skila sérstakri kveðju, en því janframt, að Lange mundi ekki að öllu forfallalausum koma við á Íslandi í þessari för.

